

AUGLÝSING

181

30. ágúst

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Ræktunarsamband Búnaðarfélags
Grýtubakkahrepps og Búnaðarfélags Svalbarðsstrandahrepps
nr. 105 9. júní 1947.

18. gr. samþykktarinnar orðist þannig:
Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 240 000 kr. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Einn fjórði hluti stofnfjár, kr. 60 þúsund, er lagt fram sem óafturkræft fé af hreppabúnaðarfélagunum.
2. Einn fjórði hluti stofnfjár heimilast ræktunarsambandinu að taka að láni. Lán þetta endurgreiðist á 5 árum.
3. Helmingur stofnfjár er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði ríkisins.
4. Auk þess leggjast í stofnsjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1950.

F. h. r.

Gunnl. E. Briem.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

182

31. ágúst

um viðauka við reglugerð um söluskatt frá 13. júlí 1950.

Aftan við 6. gr. C. komi nýr töluliður, sem verður nr. 13, svo hljóðandi:
Flugsamgöngur.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1950.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.